

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Bildsfell III.

Í deiliskipulaginu felst skilgreining 5 lóða og byggingarreita þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, gestahúsa og útihúsa.
Samþykkt í sveitarstjórn 1. mars 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Brúarey 3.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Brúareyjar 3. Í breytingunni felst að gert verður ráð fyrir íbúðarhúsi í stað frístundahúss innan deiliskipulags.
Samþykkt í sveitarstjórn 18. janúar 2023.

Deiliskipulagsbreyting, frístundabyggð í landi Norðurkots.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Farbrautar 26 og 26a innan deiliskipulags frístundabyggðar í landi Norðurkots. Í breytingunni felst að lóðin verði skilgreind sem ein lóð innan deiliskipulagsins. Breytingin er í takt við núverandi skráningu lóðarinnar.
Samþykkt í sveitarstjórn 15. febrúar 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 14. mars 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 28. mars 2023